

2. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

85.15.10 orðist svo:

Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón og/eða

útvarpsviðtæki 100%

85.15.20 Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón 100%

2. gr.

Við 3. gr. tollskrárlaganna bætist nýr töluliður, er orðist svo:

47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárn. 85.15.20, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.